

# STARFSLEYFI

fyrir bensínafgreiðslustöð

N1 ehf.

kt. 411003-3370

Lækjargata 46, Hafnarfjörður

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness veitir leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfið gildir frá 3. júlí 2024 til 2. júlí 2036

Leyfið er útgefið með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt.

## Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs bensinstöðvar. Starfsleyfið er gefið út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Um starfsleyfisskyldu vísast til ákvæðis í 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum, og lið 7.8, um bensinstöðvar, í X. viðauka sömu reglugerðar.

## Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- Ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit,
- Ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi
- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 er fjallar um húsnæði og lóðir,
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, geymslu og flutning í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrifum lóðar,

## Kröfur er varða mengunarvarnir

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum er varða mengunarvarnir sem koma í sértækum starfsskilyrðum heilbrigðisnefndar fyrir bensinstöðvar uppfærð 10. ágúst 2022, sbr. *fylgiskjal*.

## Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning eða eigandaskipti fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geti ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara.

Heilbrigðisnefnd  
Kópavogur, 21. ágúst 2024

Garðabæjar, Hafnarfjörðar,  
Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

